



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir leikjasal með sýndarveruleika ásamt söluturni með samlokum og gosdrykkjum (VRWorld) að Grensásvegi 16E, F2015617, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Suðuverk ehf.

Heimilisfang: Reynimelur 82, 107 Reykjavíkurborg

Kennitala: 480121-0900

Gildir frá: 4. desember 2025

Gildir til: 4. desember 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfis-skilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfis-skilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 4. desember 2025





Suðuverk ehf.

kt. 480121-0900

Reynimelur 82

vegna leikjasals í starfstöð fyrirtækisins að Grensásvegi 16E.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	28.10.2025.
Rekstraraðili, kt.	Suðuverk ehf. kt 480121-0900.
Heiti fyrirtækis	VRWorld.
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Grensásvegur 16E, F2015617, merking 01-0101.
Tegund starfsemi	Samkomuhús, vísað í 36. töluliði í viðauka við reglugerð nr. 903/2024.
Tílefni umsóknar	Ný starfsemi.
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Staðfesting barst með umsókn.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	Birt 04.11.2025. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði. Auglýsing var birt á vefsíðu HER.
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Gerð var 1 breyting á tillögu að starfsleyfi, sjá nánar kafla 6. hér að neðan.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1878, afgreiðslufundur HER þann 04.12.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi. Móttaka umsóknar var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggja fyrir og starfsemin standist skipulag.

Með umsókninni barst staðfesting byggingarfulltrúa á ofangreindu.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Nafni leikjasals bætt inn á starfsleyfisskjal.



6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Dags., 2. janúar 2026

Jóhanna Margrét Haraldsdóttir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur